

**Sþ.**

### **531. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson,  
Barði Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta á næsta sumri fara fram rannsókn jarðhitasvæðanna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, með það fyrir augum, að staðreynt verði, hvort unnt sé að framleiða þar rafmagn fyrir nærliggjandi kaupstaði, kauptún og sveitir.

#### **Greinargerð.**

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp eru ein mestu jarðhitasvæði á Íslandi. Hefur jarðhiti um langt skeið verið hagnýttur þar til iþróttastarfsemi, upphitunar skólahúsa, gróðurhúsa og fyrr á tímum til saltvinnslu.

Nauðsyn ber til þess, að ýtarleg rannsókn fari fram á þeim möguleikum, sem hinar heitu uppsprettur þessa staðar fela í sér til orkuframleiðslu. Sveitirnar við Ísafjarðardjúp, Ísafjarðarkaupstað og kauptúnin í Norður-Ísafjarðarsýslu og norðanverðri Vestur-Ísafjarðarsýslu vantar raforku. Enn þá hefur ekki fengizt endanlega úr því skorið, hvaða leiðir séu heppilegastar fyrir þessi byggðarlög til þess að fá nægilega raforku. Flm. þessarar tillögu telja því æskilegt og nauðsynlegt, að rannsakaðir séu, hvaða möguleikar kunni að vera fyrir hendi til framleiðslu rafmagns í Reykjanesi. Þess vegna er tillaga þessi fram komin.